




Innlána safnið - fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið - fyrir þá sem vilja taka litla markaðsáhættu




Hóflæg áhætta



Áræðna safnið - fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Orðsending fjárfestingaráðs:

Innlend ríkisskuldabréf hækkuðu á 4. ársfjórðungi 2017 eða um 3,4%. Verðtrygð ríkisskuldabréf skiluðu 3,8% ávöxtun sem var nokkuð betri en óverðtrygð sem skiluðu 2,5% ávöxtun. Árið var í heild mjög gott skuldabréfaár sem m.a. skýrist af vaxtalækkunum Seðlabanka Íslands sem og auknum áhuga erlendra aðila á íslenskum verðbréfamarkaði. Innlend hlutabréf áttu þokkalegan ársfjórðung og skiluðu 1,4% ávöxtun á tímabilinu og í heild 3,0% á árinu. Breytileiki í ávöxtun félaga var þó mikill, t.a.m. lækkaði Marel hf um 6,0% en HB Grandi hækkaði um 18,6%

á ársfjórðungnum. Erlend hlutabréf áttu afar góðan ársfjórðung og skilaði heimsvísitala hlutabréfa 5,7% ávöxtun (USD) og í heild 24,0% ávöxtun á árinu sem er langt umfram meðalár í ávöxtun. Skýringuna er að finna í auknum hagvexti á heimsvísu og bættri afkomu félaga á sama tíma og stýrivextir seðlabanka eru víðast hvar lágir. Íslenska krónan styrktist um 0,5% á ársfjórðungnum en veiktist um 0,7% á árinu í heild. Áhrif gjaldmiðla á ávöxtun árs 2017 voru því töluvert minni en á árinu 2016.

Tölur miðast við 31.12.2017
Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð